
um helgina

Tvær ólíkar sýningar opnaðar á Kjarvalsstöðum í dag:



„Þetta er óhemju tímafrekt" – listamaðurinn við eina mynd sína á Kjarvalsstöðum, blýantsteikningu á málaðri plötu. Til hliðar er önnur stór teikning á lérefti. Ljósm.-eik.

Hringur Jóhannesson:

Sýnir 140 myndir á tveimur stöðum

Hringur Jóhannesson listmálari opnar í dag tvær sýningar á verkum sínum: Kl. 14 í vestursal Kjarvalsstaða og kl. 15 í Ásmundarsal, við Freyjugötu. Á þessari tvískiptu sýningu Hrings eru ríflega 140 myndir, olíumálverk, teikningar, litkrít og olíupastelmyndir. Þetta er 20. sýning Hrings en hann sýndi fyrst í Bogasalnum 1962.

Á Kjarvalsstöðum eru einkum myndir málaðar á vinnustofu. Þar kennir ýmissa grasa og er stór hluti myndanna málaður norður í Aðaldal, en þar hefur listamaðurinn haft vinnustofu á sumrin sl. 10 ár, að Haga, þar sem hann er fæddur. Á Kjarvalsstöðum er einnig e.k. „afleggjari" af sýningunni með léttum skissum gerðum á Kanaríeyjum, en í Ásmundarsal eru eingöngu olíupastelmyndir, náttúrustemmningar sem unnar eru á staðnum.

Þessi sýning Hrings er sú langstærsta sem hann hefur haldið og mun fjölbreyttari en fyrri sýningar hans. Árið 1982 hlaut hann 12 mánaða starfslaun og felldi þá niður kennsluna sem hann hefur stundað frá 1962. „Starfslaunin gerðu það að verkum að ég var frjálsari og vann meira", sagði Hringur, „en þau dugðu ekki til neinna 12 mánaða, heldur aðeins fjögurra. En það er betra að sýna þetta allt í einu en að halda tvær sýningar eða fleiri," sagði hann, en síðasta einkasýning hans var í Norræna húsinu 1980. Síðan þá hefur Hringur tekið þátt í fjölda samsýninga hér heima og erlendis og einnig haldið smærri sýningar á verkum sínum úti á landi.

Hringur lauk myndlistarnámi 1952 en hélt fyrstu sýninguna 10 árum síðar. „Abstraktið var að skella yfir", sagði hann, „ég gerði heiðarlega tilraun og hætti svo alveg í ein 8-9 ár. Þá voru komnir nýir straumar og ég fór að vinna meira fígúratíft og stíliserað. Síðan þá hef ég málað."



Negatífan af einni mynd úr myndröð Jóns Óskars.

Jón Óskar:

Myndir af mönnunum

Ungur myndlistamaður, nýútskrifaður úr School of Visual Arts í New York opnar kl. 15 í dag sína fyrstu einkasýningu á Kjarvalsstöðum. Hann heitir Jón Óskar og sýnir þar 40 verk unnin á síðustu tveimur árum. Á sýningunni eru ljósmyndir og málverk. Margar myndanna eru unnar á ljósnæman pappír með blandaðri tækni en einnig er á sýningunni hluti af stærri ljósmyndaröð af mönnum máluðum akryllitum.

„Ég nota gömul íslensk og keltnesk tákn til að draga fram þjóðrembuna", segir Jón Óskar, en risastórar myndir af karlmönnum eru áberandi á sýningunni. „Þetta eru menn sem standa fastir fyrir einhverja hugsjón, – eitthvað sem þú sérð ekki. Þeir eru ummyndaðir og verða allir eins, – nánast dauðir."

ýmislegt

MÍR-salurinn
Sovéska kvikmyndin „Vindarnir sjö" (með ensku tali) verður sýnd í MÍR-salnum, Lindargötu 48, sunnudaginn 26. febrúar kl. 16.00. Þessi mynd er frá árinu 1962 og merkileg að því leyti, að hún er ein af fyrstu kvikmyndum hins fræga leikstjóra Stanislavs Rostotskí, sem komið hefur hingað til lands og þekktastur er fyrir myndina „Og hér ríkir kyrrð í dögun".

Aðgangur að MÍR-salnum er ókeypis og öllum heimill.

Kvikmyndaklúbburinn Norðurljós
Sunnudaginn 26. febrúar kl. 17.00 hefjast sýningar að nýju í Kvikmyndaklúbbnum Norðurljós í Norræna húsinu.

Fyrsta myndin sem sýnd verður er sænska kvikmyndin „Långt borta och Nära" en hún var gerð árið 1976. Leikstjóri er Marianne Ahrne og hefur hún einnig samið handrit ásamt Bertrand Hurault. Í aðalhlutverkum eru Lilga Kovanko og Robert Farrant.

Myndin gerist á geðsjúkrahúsi og segir frá ungri stúlku, sem starfar við sjúkrahúsið. Verður hún ástfangin af sjúklingi, sem talar ekki vegna sálrænna truflana. Lýst er ást þeirra og því sambandi sem næst, þar sem málið er ekki eina tækið til tjáskipta.

Alls verða sýndar 6 kvikmyndir til vors og verða sýningarnar í Norræna húsinu kl. 17 á sunnudögum. Meðal myndanna má nefna kanadísku heimildarmyndina „Not a Love Story" gerð af Bonnie Sherr Klein og fjallar um klámiðnaðinn í Bandaríkjunum. Myndin var sýnd á Kvikmyndahátíðinni 1982 og vakti mikla athygli.

Aðgangskort að öllum sýningunum kosta kr. 100 og að einstakri sýningu kr. 20. Kortin eru til sölu í Norræna húsinu.

Ríthöfundafundur
Skemmtifundur verður haldinn hjá Félagi íslenskra ríthöfunda sunnudaginn 26. febrúar kl. 14.00 að Skálafelli, Hótel Esju. Þessir höfundar lesa úr verkum sínum: Ásgeir Hvítaskáld, Gunnar Dal, Hrafnhildur Valgarðsdóttir, Indriði Indriðason, Indriði G. Þorsteinsson, Óskar Aðalsteinn og Pjetur Hafstein Lárusson.

Bókmenntir í kennslu
Félag skólasafnvarða og Samtök móðurmálskennara efna til fundar í Kennslumiðstöðinni, Laugavegi 166, n.k. þriðjudag kl. 20.30 um efnið Bókmenntir í kennslu. Silja Aðalsteinsdóttir mun flytja erindi um hvert stefni í íslenskum barna- og unglingabókmenntum og Þuríður Jóhannsdóttir mun fjalla um þýðingar á barna og unglingabókmenntum. Fundarstýra verður Rósa Þorbjarnardóttir, endurmenntunarstýra Kennaraháskóla Íslands.

Ási í Bæ í Norræna
Í tilefni 70 ára afmælis Ása í Bæ mánudaginn 27. febrúar efna Vísnavinir og aðrir vinir og vandamenn skáldsins til kvöldvöku í Norræna húsinu það sama kvöld. Hefst kvöldvakan kl. 20.30 og verða þar flutt lög og ljóð eftir Ása í Bæ og lesið verður upp úr verkum hans. Afmælisbarnið mætir að sjálfsögðu með gítarinn undir hendinni og sömuleiðis bækur. Auk hans koma fram Halldór Kristinsson, Haukur Mortens, Ólafur Gaukur og Svanhildur, Árni Johnsen, Gísli Helgason, Grettir Björnsson, Arnþór Helgason, Andrés Sigurvinsson, Guðrún Hólmgeirsdóttir, Ingi Gunnar Jóhannsson, Páll Steingrímsson og fleiri.

leiklist

Stúdentaleikhúsið:
Jakob og meistarinn í síðasta sinn. Stúdentaleikhúsið mun reka smiðshöggið á starfsemi sína í vetur í Tjarnarbæ, en eftir helgina mun það flytja starfsemina yfir í *Félagsstofnun stúdenta.*

Leikritið **„Jakob og meistarinn"** verður sýnt í allra síðasta sinn á miðnætursýningu á mánudagskvöld kl. 20.30. Leikrit þetta samdi Milan Kundera og er þetta gleðileikur, að sögn Stúdentaleikhússins.

Stúdentaleikhúsið hvetur velunnara sína til að fjölmenna í Tjarnarbæ, en aðsókn hefur verið með lakara móti. Það skal tekið fram, að ekki verða fleiri sýningar á leikritinu.

Barnaleikhúsið Tinna
frumsýnir leikritið **Nátttröllið** eftir Ragnheiði Jónsdóttur sunnudaginn 26. febrúar kl. 15 í Tjarnarbíói. Miðasala er í Tjarnarbíói á sunnudag frá kl. 13.00. Miðapantanir og nánari upplýsingar má fá í síma 13757. Ókeypis aðgangur er fyrir fullorðna en vægt gjald fyrir börn.

Leikflokkurinn á Hvammstanga
mun frumsýna leikrit Davíðs Stefánssonar **Gulna hliðið** á 20 ára dánardægri skáldsins þann 1. mars næstkomandi. Síðan er fyrirhugað að fara með leikritið í nágrannabyggðirnar og verða sýningar sem hér segir: Hofsósi 3. mars, Miðgarði 4. mars, Hvammstanga 7. mars, Skagaströnd 10. mars, Blönduósi 11. mars, Búðardal 17. mars, Varmalandi 18. *mars og á Hvammstanga 23. mars og* 25. mars.

Þjóðleikhúsið:
Sveyk í síðari heimsstyrjöldinni eftir Bertolt Brecht verður sýnt á sunnudagskvöld og er það 7. sýning. Bessi Bjarnason leikur Sveyk, en með önnur helstu hlutverk fara Þóra Friðriksdóttir, Baldvin Halldórsson, Sigurður Sigurjónsson, Gunnar Eyjólfsson, Gísli Rúnar Jónsson og Pálmi Gestsson.

Amma þó barnaleikritið eftir Olgu Guðrúnu Árnadóttur verður sýnt í annað sinn í dag, laugardaginn 25. febrúar, kl. 15 og í þriðja sinn á sunnudag kl. 15.00. Bráðhressilegt leikrit um ævintýralega fjölskyldu í Reykjavík og óvenjulega ömmu, sem aldrei deyr ráðalaus, þótt engir peningar séu til í kotinu fyrir mat og húsaleigu.

Skvaldur eftir Michael Fraym verður sýnt tvisvar á laugardagskvöldið. Fyrri sýningin hefst kl. 20.00 og hin síðari kl. 23.30. Þetta er eldfjörugur gamanleikur þar sem allt getur gerst hversu ótrúlegt sem það er.



Íslenska óperan
sýnir í kvöld kl. 20 tvær óperur eftir Menotti: **Símann** og **Miðilinn** og er það síðasta sýning. **Síminn** er stutt, smellin gamanópera, hugsanlega ádeila á nýjungagirni manna og það hvernig maðurinn getur látið stjórnast af tækninni. **Miðillinn** er hins vegar andstæða **Símans**, alvarlegur sorgarleikur er fjallar um fólk sem flækist fast í sinni eigin sviksemi.

Á sunnudagskvöld kl. 20 verður sýning á **La Traviata** eftir Verdi og fer nú hver að verða síðastur að sjá þessa vinsælu óperu, því sýningum fer nú óðum fækkandi.

Tröllaleikir
Leikbrúðuland sýnir Tröllaleiki í Iðnó á sunnudaginn kl. 15.00. Um síðustu helgi féll sýningin niður vegna óviðráðanlegra aðstæðna.

myndlist

Listmunahúsið
Sýningu Þorvaldar Skúlasonar í Listmunahúsinu lýkur á sunnudaginn.

Nýlistasafnið
Síðastliðinn föstudag var opnuð í Nýlistasafninu, Vatnsstíg 3b, sýning á verkum í eigu safnsins. Verður sýningin opin til 4. mars.

Nýlistasafnið hefur starfað í 6 ár og hefur safnast hjá því mikill fjöldi verka og gagna. Aðallega verða sýnd stór málverk og skúlptúrar. Mörg verkanna eru frá „Súm"-tímabilinu og sjást þar verk, sem aldrei hafa verið sýnd áður eða ekki sést lengi á sýningum hér á landi.

Sýningin er opin daglega frá kl. 16-20 virka daga, en frá kl. 16 til 22 um helgar.

tónlist

Spænsk gítartónlist
Símon H. Ívarsson heldur gítartónleika í Grindavíkurkirkju sunnudaginn 26. febrúar kl. 17.15. Á efnisskránni, sem er *tvíþætt, eru spænsk klassísk verk, og* flamencótónlist. Með þessari efnisskrá vill Símon sýna fram á hina fjölmörgu möguleika gítarsins og hefur hann valið til þess tónlist frá „föðurlandi" gítarsins, Spáni.

Símon Ívarsson mun vera eini Íslendingurinn, sem leikur flamencótónlist og hefur hann sótt námskeið hjá prof. Andreas Batista í Madrid á Spáni, en klassískan gítarleik stundaði Símon við Tónskóla Sigursveins og síðan við Tónlistarháskólann í Vínarborg.

Tónleikar þessir eru haldnir í samvinnu við Tónskóla Grindavíkur.

Jazzklúbbur Reykjavíkur
Önnur djamm-sessjón Jazzklúbbs Reykjavíkur verður í Kvosinni, í húsi Nýja Bíós sunnudaginn 26. febrúar og hefst kl. 15.00. Þar koma fram tvær hljómsveitir skipaðar nemendum í Jassdeild Tónlistarskóla FÍH. Einnig kemur fram söngsextettinn TONEKA ásamt undirleikurum. Síðast en ekki síst skal telja sveiflusveit undir stjórn Guðmundar R. Einarssonar með trommur sínar.

Aðgang að sessjóninni fær hver sá eða sú sem orðin er eða vill gerast félagi í JR, en félagsgjald er krónur 200.

Bel Canto-kórinn
*í Garðabæ syngur undir stjórn frú Guð*finnu Dóru Ólafsdóttur í Fríkirkjunni í Reykjavík sunnudaginn 26. febrúar. Hefjast tónleikarnir kl. 17.00. Organleikari er Gústaf Jóhannesson. Á efnisskránni er gömul músík og ný, m.a. madrígalar frá ýmsum löndum, íslensk tónlist og negrasálmar.

Ágóða verður varið til styrktar orgelsjóði Fríkirkjunnar.